

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2000/67/EB

2002/EES/23/23

frá 23. október 2000

um að bæta virku efni (esfenvalerati) við í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/10/EB ⁽²⁾, einkum 1. mgr. 6. gr. og fjórða undirlið 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2266/2000 ⁽⁴⁾, er mælt fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd fyrsta áfanga vinnuáætlunar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 91/414/EBE (hér á eftir nefnd „tilskipunin“). Samkvæmt þeirri reglugerð er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 933/94 ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2230/95 ⁽⁶⁾, mælt fyrir um skrá yfir virk efni í plöntuvarnarefnum sem meta skal með hliðsjón af hugsanlegri skráningu þeirra í I. viðauka tilskipunarinnar.
- 2) Í samræmi við 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar skal skrá virkt efni í I. viðauka ef gera má ráð fyrir því að hvorki notkun né leifar plöntuvarnarefna með þessu virka efni muni hafa skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra né á grunnvatn eða nein óviðunandi áhrif á umhverfið.
- 3) Gildistími slíkrar skráningar virks efnis í I. viðauka skal ekki vera lengri en tíu ár.
- 4) Áhrif esfenvalerats á heilsu manna og umhverfið hafa verið metin í samræmi við ákvæðin, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 3600/92, að því er varðar þær notkunaraðferðir sem tilkynnandi hefur lagt til. Portúgal var tilnefnt sem skýrslugjafaríki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 933/94 um ákvæði til framkvæmdar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 að því er varðar virk efni í plöntuvarnarefnum og um tilnefningu skýrslugjafaríkis. Það lagði viðeigandi matsskýrslu og tilmæli fyrir framkvæmdastjórnina 11. október 1996 í samræmi við c-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3600/92.
- 5) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa farið yfir matsskýrsluna innan fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði. Þeirri endurskoðun lauk 13. júlí 2000 með

endurskoðaðri matsskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um esfenvalerat.

- 6) Skjöl og upplýsingar vegna athugunarinnar hafa einnig verið lagðar fyrir visindanefndina um plöntur. Í álitinu ⁽⁷⁾ tók visindanefndin um plöntur fram að aðildarríkin skuli grípa til viðeigandi aðgerða til að draga úr hættu og vernda vatnavistkerfi og líddýr utan markhópa.
- 7) Mat hefur leitt í ljós að gera má ráð fyrir því að plöntuvarnarefni, sem innihalda virka efnið sem um er að ræða, uppfylli almennt kröfurnar sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar, einkum að því er varðar notkunaraðferðirnar sem voru rannsakaðar. Því þykir rétt að bæta viðkomandi virku efni á skrá í I. viðauka til að unnt sé, í öllum aðildarríkunum, að veita leyfi fyrir plöntuvarnarefni, sem innihalda esfenvalerat, í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar, breyta leyfunum eða afturkalla þau eftir því sem við á.
- 8) Í 2. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um að þegar virkt efni hefur verið skráð í I. viðauka hennar skulu aðildarríkin, innan tilskilins frests og eftir því sem við á, veita leyfi fyrir plöntuvarnarefninu, sem inniheldur virka efnið, breyta því eða afturkalla það. Í 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar er þess krafist að plöntuvarnarefni séu ekki leyfð nema tekið sé tillit til þeirra skilyrða, sem gilda um skráningu virka efnisins í I. viðauka, og samræmdu meginreglnanna, sem mælt er fyrir um í VI. viðauka, á grundvelli skjala sem innihalda þær upplýsingar sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunarinnar.
- 9) Fyrir skráningu er nauðsynlegt að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja skráningunni. Að lokinni skráningu er hæfilegur frestur enn fremur nauðsynlegur svo að aðildarríkin geti tekið upp tilskipunina og einkum til að breyta eða afturkalla, eftir því sem við á, gildandi leyfi eða veita ný leyfi í samræmi við ákvæði tilskipunar 91/414/EBE. Kveða skal á um lengri frest til að leggja fram og meta öll skjöl samkvæmt III. viðauka fyrir hvert plöntuvarnarefni í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem mælt er fyrir um í VI. viðauka tilskipunarinnar. Fullkomið mat, á grundvelli samræmdu meginreglnanna fyrir plöntuvarnarefni, sem innihalda nokkur virk efni, getur því aðeins farið fram að öllum viðkomandi virkum efnum hafi verið bætt við í I. viðauka tilskipunarinnar.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 276, 28.10.2000, bls. 38, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2001 frá 28. september 2001 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 60, 6.12.2001, bls. 21.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 57, 2.3.2000, bls. 28.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 366, 15.12.1992, bls. 10.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 259, 13.10.2000, bls. 27.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 107, 28.4.1994, bls. 8.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 225, 22.9.1995, bls. 1.

⁽⁷⁾ Visindanefnd um plöntur SCP/ESFEN/002, lokaútgáfa 6. apríl 2000.

- 10) Rétt þykir að aðildarríkin sjái til þess að hagsmunaaðilar hafi aðgang að lokagerð endurmatsskýrslunnar (að undanskildum trúnaðarupplýsingum í skilningi 14. gr. tilskipunarinnar) eða sé veittur aðgangur að henni.
- 11) Endurmatsskýrslan er nauðsynleg til að tryggja rétta framkvæmd aðildarríkjanna á nokkrum þáttum samræmdu meginreglnanna sem mælt er fyrir um í VI. viðauka við tilskipunina þar sem meginreglurnar vísa til mats á gögnum í II. viðauka sem voru lögð fram í því skyni að bæta virka efninu í I. viðauka við tilskipunina.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Esfenvalerat er hér með skráð sem virkt efni í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eins og kveðið er á um í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari, eigi síðar en 31. janúar 2002, og skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Einkum skulu þau, í samræmi við ákvæði tilskipunar 91/414/EBE og ef þörf krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuvarnarefni sem innihalda virka efnið esfenvalerat eða afturkalla þau áður en fresturinn rennur út.

2. Með tilliti til mats og ákvörðunar, sem er tekin samkvæmt samræmdu meginreglunum sem kveðið er á um í VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, og á grundvelli skjala, sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka þeirrar tilskipunar, er fresturinn, sem mælt er fyrir um í fyrstu málsgreininni, framlengdur:

- vegna plöntuvarnarefna sem innihalda esfenvalerat sem eina virka efnið, um fjögur ár frá gildistöku þessarar tilskipunar,
- vegna plöntuvarnarefna sem innihalda esfenvalerat og annað virkt efni sem er skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, um fjögur ár frá gildistöku tilskipunar þar sem kveðið er á um skráningu þess af efnunum tveimur sem skráð var í I. viðauka.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að hagsmunaaðilar hafi aðgang að endurmatsskýrslunni (að undanskildum trúnaðarupplýsingum í skilningi 14. gr. tilskipunarinnar) eða sé veittur aðgangur að henni sé þess sérstaklega óskað.

4. Þegar viðkomandi aðildarríki samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. ágúst 2001.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. október 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Esfenvalerat

1. Kenni:
Almennt heiti: esfenvalerat
IUPAC-heiti: (S)- α -sýanó-3-fenoxýbensýl-(S)-2-(4-klórfenýl)-3-metýlbútýrat
 2. Sérstök skilyrði sem uppfylla skal:
 - 2.1. Framleidda, virka efnið skal hafa lágmarkshreinleikann 830 g/kg.
 - 2.2. Eingöngu má leyfa að nota efnið sem illgresiseyði.
 - 2.3. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna skoðunarskýrslunnar um esfenvalerat, einkum I. og II. viðbætis hennar, í lokaútgáfu hennar frá hendi fastanefndar um plöntuheilbrigði 13. júlí 2000. Við heildarmatið skulu aðildarríkin:

gefa áhrifum á vatnalífverur og liðdýr utan markhópa sérstakan gaum og sjá til þess að skilyrði í leyfinu taki til ráðstafana til að draga úr áhættu eftir því sem við á.
 3. Skráningin fellur úr gildi 31. júlí 2011.
-